



Borgarráð

Lyfsöluleyfi fyrir nýja lyfjabúð að Hallgerðargötu 13, 105 Reykjavík

Vísað er til erindis Lyfjastofnunar dags. 13. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Reykjavíkurborgar vegna umsóknar um nýtt lyfsöluleyfi með vísan til 5. mgr. 34. gr. lyfjalaga nr. 100/2020. Skrifstofa borgarstjórnar vísaði erindinu til umsagnar skipulagsfulltrúa sem fjallaði um erindið á afgreiðslufundi sínum 22. apríl sl. og gerði ekki skipulagslegar athugasemdir.

Mælt er með því að borgarráð veiti jákvæða umsögn um erindið, bæði staðsetningu og afgreiðslutíma með vísan til niðurstöðu skipulagsfulltrúa.

Virðingarfyllst,
Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:

Erindi Lyfjastofnunar, dags. 13. apríl 2022

Bréf skipulagsfulltrúa, dags. 25. apríl 2022

Borgarstjórn Reykjavíkur
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Reykjavík, 13.4.2022
Tilvísun: 09.01 Lyfsöluleyfi
Málsnúmer: M-2022-03-0995

Efni: Umsagnarbeiðni - Nýtt lyfsöluleyfi

Lyfjastofnun barst 28. febrúar sl. umsókn frá lyfjafræðingi, um lyfsöluleyfi fyrir nýja lyfjabúð, að Hallgerðargötu 13, 105 Reykjavík.

Samkvæmt 5. mgr. 34. gr. lyfjalaga nr. 100/2020 **skal Lyfjastofnun senda umsóknir um ný lyfsöluleyfi viðkomandi sveitarstjórn til umsagnar.** Fram kemur í ákvæðinu að við mat umsóknar skuli m.a. stuðst við íbúafjölda að baki lyfjabúðinni og fjarlægð hennar frá næstu lyfjabúð. Leggist umsagnaraðili gegn veitingu leyfis er Lyfjastofnun heimilt að hafna umsókninni.

Fram kemur í umsókninni að fyrirhugaður afgreiðslutími sé kl. 10 – 18.

Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 426/1997 um lyfsöluleyfi og lyfjabúðir skal afgreiðslutími lyfjabúða vera frá kl. 9-18 virka daga nema laugardaga og almenna frídaga. Heimilt er lyfsöluleyfihafa að ákveða rýmri afgreiðslutíma og skal það tilkynnt Lyfjastofnun. Jafnframt er Lyfjastofnun heimilt að veita leyfi til skemmri afgreiðslutíma enda liggja fyrir umsókn lyfsöluleyfihafa þar um. **Leita skal umsagnar viðkomandi sveitastjórnar áður en slíkt er samþykkt, sbr. 2 mgr. 15. gr. reglugerðarinnar.**

Með vísan til framangreinds óskar Lyfjastofnun hér með eftir umsögn borgarstjórnar Reykjavíkur um umsóknina bæði hvað varðar lyfsöluleyfið og afgreiðslutímamann.

Þess er óskað að umsögnin berist svo fljótt sem auðið er og **eigi síðar en 4. maí nk.**

F.h. Lyfjastofnunar,

Viðar Guðjohnsen

Bréf þetta er undirritað með fullgildri rafrænni undirskrift samkvæmt lögum nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

Undirritunarsíða

Viðar Helgi Guðjohnsen



Reykjavík 25.04.2022

Skrifstofa borgarstjórnar
Ráðhús Reykjavíkur
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulagsfulltrúa 22. apríl 2022 varðandi eftirfarandi mál.

Hallgerðargata 13

Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar dags. 20. apríl 2022 þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa vegna umsagnarbeiðni Lyfjastofnunar dags. 13. apríl 2022 um lyfsöluleyfi fyrir nýja lyfjabúð að Hallgerðargötu 13.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

F.h. skipulagsfulltrúa


Þuríður Guðmundsdóttir